

Velferðarnefnd Alþingis.

16. mars 2018

**Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar). Þingskjal 38 — 38. mál.**

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað þess að viðhalda löngu úreltri viðmiðunarfrjárhæð í lögum um almannatryggingar og breyta henni með samþykkt sérstakra lagákvæða ár hvert við afgreiðslu fjárlaga verði viðmiðunarfrjárhæð fyrir árið 2018 tekin í lög um almannatryggingar.

Í lýðræðisríki þar sem lögð er áhersla á gagnsæi og ábyrgð varðandi meðferð opinbers valds gera stjórnvöld það sem í þeirra valdi stendur til að greiða fyrir aðgangi almennings að upplýsingum um lög, reglur og stjórnsýslu og réttindi sín og annarra. Í því sambandi er augljóslega mjög mikilvægt að fólk geti sem mest fengið upplýsingar sem það þarf á að halda með því að kynna sér þau lög og reglur sem við eiga en þurfa ekki að leggjast í tímafrekar og flóknar og jafnvel kostnaðarsamar rannsóknir til þess.

Landssamtökin Proskahjálpar vilja einnig nota þetta tækifæri til að minna velferðarnefnd á þær miklu skyldur sem hún hefur, sem og Alþingi almennt og öll stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga til að tryggja, eins og nokkur kostur er, að fatlað fólk, s.s. fólk með þroskahamlanir, sjón- og/eða heyrnarskerðingar hafi rauverulegan aðgang að upplýsingum sem það þarf á að halda til að geta tekið þátt í samfélaginu, lifað sjálfstæðu lífi og staðið sjálft vörð um hagsmuni sína. Þessar skyldur stjórnvalda eru sérstaklega áréttáðar í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslenska ríkið fullgilti árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða og framfylgja með viðeigandi ráðstöfunum. Þar er grundvallaratriði að stjórnvöld standi við skyldur sínar til **viðeigandi aðlögunar** gagnvart fötluðu fólk. Ef stjórnvöld standa ekki við þær skyldur mismuna þau fólk á grundvelli fötlunar með mjög alvarlegum afleiðingum m.t.t. mikilsverðra mannréttinda þess og svipta jafnframt tiltekna hópa í samfélaginu möguleikum til virkrar lýðræðislegrar þátttöku.

Með vísan til framangreinds lýsa Landssamtökin Proskahjálpar stuðningi við frumvarpið.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.